

Umsókn um styrk vegna uppbyggingar á Magna 2

Um Hollvinasamtök Magna

Í byrjun árs 2017 fór Axel Orri Sigurðsson ásamt Böðvari Eggertssyni og Friðriki Friðrikssyni á fund hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur vegna dráttarbátsins Magna. Í kjölfar fundarins var undirbúningur fyrir hollvinasamtök sett af stað og 25. júní 2017 var stofnfundur Hollvinasamtaka dráttarbátsins Magna haldinn.

Kjörin stjórn samtakanna er:

Axel Orri Sigurðsson - Formaður
Böðvar Eggertsson – Gjaldkeri
Brynjar Pétursson - Ritari
Bárður Hafsteinsson - Meðstjórnandi
Friðrik Friðriksson - Meðstjórnandi
María Karen Sigurðardóttir - Fulltrúi Borgarsögusafns
Reykjavíkur

Markmið Hollvinasamtaka Magna

Tilgangur samtakanna er að vera Borgarsögusafni Reykjavíkur innan handar við að:

- A. Varðveita skipið
- B. Koma skipinu í upprunalegt horf
- C. Gera skipið haffært
- D. Varðveita sögu skipsins sem fyrsta stálskipið smíðað á Íslandi og teiknað af Hjálmari R. Bárðarsyni

Saga Magna

Hjálmar R. Bárðarson hannaði dráttarbátinn Magna fyrir Reykjavíkurhöfn. Ásamt því að vera dráttarbátur með tilheyrandi búnaði, var hann einnig ísbrjótur fyrir lagnarís. Góðar vistarverur voru fyrir áhöfnina til dvala og sjúkraklefi til að taka við sjúklingi í börum. Frumteikningar og smíðalýsing lágu fyrir í ársbyrjun 1951 en samningur um smíðina var ekki undirritaður fyrr en 28. apríl 1953. Kjölurinn á Magna var lagður í lok árs 1953 og smíði skipsins hófst.

Tímamótaviðburður varð í iðnsögu Íslands þann 15. okt árið 1954 þegar dráttarbáturinn Magni var sjósettur í fyrsta skiptið. Hjálmar minnst þess í bók sinni „*Fyrsta stálskip smíðað á Íslandi*“ að plötusmiður af gamla skólanum og dyggur starfsmaður Stálsmiðjunar hafi sagt við hann: „Að smíða stálskip á Íslandi, nei það er sko ekki hægt.“ Þegar Magni rann í sjóinn af nýsmíðabrautinni þá stóð þessi sami maður hjá Hjálmari og sagði „Þetta sagði ég alltaf, að það væri hægt að smíða stálskip á Íslandi.“

Magni var afhentur Reykjavíkurhöfn við hátíðlega athöfn 25. júní 1955. Eitt af fyrstu verkefnum Magna var að taka á móti Gullfossi sem var eitt af fastaverkefnum skipsins.

Árið 1987 var seinasta árið sem Magni var í rekstri. Í ferð til Hvalfjarðar var fyrir mistök lokað fyrir smurólíukæli sem olli því að aðalvél skipsins bræddi úr sér. Magna var lagt í kjölfar þess og hefur hann nú legið í Reykjavíkurhöfn síðan þá. Seinasta slíptaka fór fram árið 2005 og stóð Magni til ársins 2006 í slíppnum.

Umsókn um styrk vegna uppbyggingar á Magna 2

Yfirlit yfir verkefnið.

Verkefnið sem heild er stórt og þess vegna er því skipt í 3. hluta.

1. Hluti er að koma skipinu í sýningarhæft ástand
2. Hluti er að koma skipinu í gangfært ástand
3. Þáttur er að koma skipinu í haffært ástand

Markmið með 1. hluta: Laga rakaskemmdir, koma rafkerfi í nothæft horf, tryggja aðgang að rennandi vatn, gera skipið snyrtilegt og aðgengilegt til að geta sýnt almenningi það.

Markmið með 2. hluta: Koma öllum þeim vélbúnaði og öðrum búnaði skipsins í gangfært ástand og að skipið sé í raun „tilbúið að fara“ þótt haffæri sé ekki til staðar

Markmið með 3. hluta: Gera skipið haffært, koma fyrir öllum þeim búnaði sem haffæri gerir kröfu fyrir

Stór hluti af vinnuni fer fram í sjálfböðavinnu.

Að jafnað er vinnufundur um borð í Magna á fimmtudagskvöldum, haldinn hefur verið dagbók frá upphafi verksins. Má ætla að vinnuframlag samtakana sé komið í yfir 3 milljónir.

Framtíðarsýn verkefnisins í heild sinni.

Framtíðarsýn verkefnisins í heild sinni hefur að mestu verið fullmótuð af þeim aðilum sem koma að verkefninu.

Hollvinasamtök Magna vilja skipið verði notað til fræðslu og menningarlegum tilgangi með t.d. sögusiglingum. Skipið verði tákmynd þeirra iðnbyltingar sem fyrsta stálskip smíðað á Ísland og saga stálskipasmíði varðveitist.

Einnig skal saga Hjálmars R. Bárðarsonar varðveitt með skipinu.

Ósk Hollvinasamtaka Magna um stuðning við verkefnið

Það ánægjulega hefur átt sér stað að Hollvinasamtökum Magna hefur áskotnast aðalvél sömu gerðar og var í Magna. Í sumar var vélin flutt til Svendborg í Danmörku þar sem skoðað var ástandið á henni. Í ljós kom að ástand vélarinnar var gott, þessi vél er af árgerð 1968 og var í fullum rekstri fyrir ári síðan. Samtökin hafa greitt 1.6 milljón innborgun á vélina.

Það er að mál okkar að þar sé um einstakan og raunhæfan möguleika á því að skipta um aðalvél í Magna og gera hann gangfæran. Heildarverð á vélinni er 400.000 dkr.

Það er von og ósk Hollvinasamtaka Magna að Faxaflóahafnir komi með beinum hætti að verkefninu með fjárstyrk svo hægt verði að ganga frá kaupum á aðalvél í Magna 2, þar sem um sögulega merkilegt skip er að ræða, og mjög raunhæfan möguleika á að gera skipið gangfært.